

14. fundur foreldrafélags Helgafellsskóla

Mætt: Elín María, Elín Anna, Laufey, Ólafur, Elena, Jóna, Steinunn

Zoomfundur, 02.11.2020.

Byrjuðum 19:31

Lokið 20:16

Jólaglaðningur

Útbúa poka fyrir hvert og eitt barn sem þau fá heim í staðin fyrir jólaskemmtunina.

Hugarflug um innihald pokans.

Uppskriftabók skólans

- Muna að minna foreldra á uppskriftir.

Ca. 335 börn.

Jólaglaðningur til kennara, á kaffistofuna.

Staðan á reikningum

Ca. 100.000.

Minnum á að kennarar þurfa að sækja endurgreiðslu vegna föndurs fyrir Halloween.

Fyrsti greiðsluseðill þessa skólaárs fer út sem fyrst.

Jólagleði

Hafði verið rætt við árgangafulltrúa um að reyna að framkvæma einhverja gleði um jólin.

Í ljósi covid þá munum við ekki leggja áherslu á þetta.

Þurfum að stíga varlega til jarðar eftir að samkomutakmarkanir fara að rýmka aftur.

Verður í höndum árgangafulltrúa.

Skoða á í samstarfi við skólastjóra hvort einhverjir styrkir til skólans/kennara séu heppilegir til að framkvæma einhverskonar jólaskemmtun sem gengur í þessu ástandi.

SAMMOS

Ekki hefur verið boðað til fundar og ekki búið að skipta verkum.

Foreldrarölt

Við ætlum að halda okkar striki og fara af stað með það.

Þörfin er gríðarleg. Börn niður í grunnskóla að vera úti langt fram undir morgun.

Næsti fundur 16. nóvember 20:30.